

Stefna Gallon er að öll verkefni og þjónusta sem fyrirtækið annast standist gæðakröfur og -væntingar haghafa. Gallon leitast við að tryggja að viðskiptavinir félagsins fái örugga, góða og skilvirka þjónustu og viðmót sem einkennist af sanngirni, háttvísi og fagmennsku.

Til þess að tryggja að gæðamarkmið Gallon náist mun félagið starfrækja gæðakerfi sem:

- tekur mið af alþjóðlegum stöðlum.
- vinnur að því að markmið sem sett eru fram í stefnum Gallon náist.
- inniheldur skipulagða ferla sem endurspeglar starfsemina og tryggja hnökralaust flæði hennar.
- stuðlar að stöðugum umbótum ferla.
- tryggir viðbrögð við frávikum og leiðir til stöðugra umbóta.
- uppfyllir kröfur um innra- og ytra eftirlit með rekstrinum
- tryggir að fyrirtækið hafi ávallt á að skipa rétt menntuðu og þjálfuðu starfsfólki sem sýni fagþekkingu, færni, metnað og frumkvæði við störf sín samkvæmt starfslýsingu.
- stuðlar að ánægju og vellíðan starfsmanna í starfi, að þeir fái tækifæri til að afla sér nýrrar þekkingar og tileinka sér nýjar aðferðir til að miðla upplýsingum og þekkingu.

Stefna þessi skal vera aðgengileg á vefsíðu Gallon og rýnd árlega.